# Lokamat - vísindavaka   Nemandi: ___________________  Verkefni:___________________

| | A | B | C | ATH |
|---|---|---|---|---|
| **Matsviðmið** | **Framkvæmt mjög vel og útskýrt athuganir úti og inni. Gefið greinagóðar skýringar og rökrætt valið efni úr athugunum og heimildum. Dregið skipulega og á skýran hátt ályktanir af gögnum og gefið ólíkar skýringar með því að nota ólík sjónarhorn.** | **Framkvæmt vel og útskýrt athuganir úti og inni. Gefið góðar skýringar og rökrætt valið efni úr athugunum og heimildum. Dregið á skýran hátt ályktanir af gögnum og gefið ólíkar skýringar með því að nota ólík sjónarhorn.** | **Framkvæmt nokkuð vel og rætt athuganir úti og inni. Gefið skýringar og rætt valið efni úr athugunum og heimildum og dregið ályktanir af gögnum.** | |
| **Vinnuferli** | Getur auðveldlega skipulagt og stýrt vinnu. Sjálfstæð vinnubrögð og mjög góður framgangur. | Getur skipulagt og stýrt framgangi vinnu. Góð vinnubrögð og færni. | Getur stundum skipulagt og stýrt framgangi vinnu. Að einhverju leyti sjálfstæð vinnubrögð | |
| **Samvinna og þátttaka** | Mjög góð samvinna og lýðræðisleg vinnubrögð. Virk þátttaka og rökræður. Vandamál leyst. | Vilji til samvinnu. Lýðræðisleg vinnubrögð og ágreiningur ekki vandamál. Góð framvinda. | Að einhverju leiti góð samskipti en erfiðleikar við ákvarðanatöku og skipulag. Vinnuframlag ójafnt. | |
| **Kynning** | Grípandi og skemmtileg kynning. Allar upplýsingar um verkefni og hóp fylgja. Framsögn til fyrirmyndar og góð tímastjórnun. Mjög góð svör með rökstuðningi. | Kynning vel unnin. Undirbúningur og skipulag gott. Allar upplýsingar koma fram. Spurningum vel svarað. | Nokkuð vel uppsett og töluverð vinna við undirbúning. Tímastjórnun ábótavant. Einhver svör við spurningum | |
| **Fræðileg umfjöllun** | Vel ígrundað og metnaðarfullt. Markmið, formúlur og skilgreiningar koma skýrt fram. Rannsóknarspurning mjög vel orðuð. Ólík sjónarhorn kynnt vel. | Góðar skýringar og umfjöllun. Markmið, formúlur og skilgreiningar útlistaðar og ólík sjónarhorn kynnt. Góð rannsóknarspurning. | Nokkuð vel ígrundað og afmarkað. Markmið, formúlur og skilgreiningar koma að mestu leiti fram. Rannsóknarspurning kemur fram. | |
| **Framkvæmd** | Mjög góð framkvæmd. Nákvæm lýsing á tilraunaaðstæðum, framkvæmd, efnum og áhöldum. Fjölbreytt framsetning. | Góð lýsing á tilraunaaðstæðum, Efni og áhöld talin upp. Framkvæmdalýsing nákvæm. Stuðst við teikningar,ljósmyndir. | Einhver lýsing á aðstæðum og framkvæmd. Efni og áhöld að mestu rétt. | |
| **Niðurstöður** | Niðurstöður vel ígrundaðar og settar fram á fjölbreyttan hátt. Umfjöllun og túlkun í tengslum við inngang. Greinargott svar við spurningu. Skipulega og á skýran hátt dregnar ályktanir af gögnum. | Niðurstöður túlkaðar og tengdar við fræðilega umfjöllun. Vel unnið svar við spurningu. | Niðurstöður koma fram en lítið unnið með þær t.d.á myndrænan hátt. Rannsóknarspurningu svarað. | |
| **Heimildir** | Fjölbreyttar og vandaðar heimildir á fleiru en einu tungumáli. Nákvæm skráning. | Góð heimildaöflun. Vandaðar heimildir notaðar og þær taldar upp eða kynntar. | Nokkuð góð nýting heimilda sem koma fram, misjafnar að gæðum. | |
| **Virkni í kynningum** | Mikill áhugi. Hlustar á kynningar annarra af athygli og spyr gagnrýninna spurninga. | Áhugi á verkefninu kemur fram í spurningum og umræðum. | Nokkur áhugi á verkefninu. Tekur einhvern þátt í umræðum og kynningum annarra nemenda. | |